
Fréttabréf

Félags íslenskra atvinnuflugmanna
September 2019



MEÐAL EFNIS:

FUNDUR ECA Í BRUSSEL

GEYMSLA FLUGVÉLA -
VIÐTAL VIÐ JENS ÞÓRÐARSON

FUNDIR OG NÁMSKEIÐ Í HAUST

SAMDRÁTTUR Á FLUGMARKAÐI RECESSION IN THE AVIATION INDUSTRY

Mikill samdráttur er á íslenskum flugmarkaði um þessar mundir en fyrir helgi tilkynnti Icelandair að grípa þurfi til frekari tímabundinna aðgerða vegna kyrrsetningar Boeing 737-MAX flugvélna. Þær fela í sér að 111 flugmenn muni þurfa að fara í hálfstarf og 30 flugstjórar færast niður í stöðu flugmanns. Breytingarnar eru tímabundnar og gilda frá 1. des. til 1. apríl 2020. Þess má geta að nú þegar hafa störf tæplega 100 flugmanna tekið breytingum yfir veturinn.

„FÍA og Icelandair hafa unnið að því saman að skapa tækifæri til að takast á við þessar miklu sveiflur í áhafnaþörf með nýjum leiðum en tilkynning Icelandair bar mjög brátt að og umfang aðgerðanna er miklu mun meira en okkar plön gerðu ráð fyrir. Árstíðasveiflu hefur verið mætt með öðrum leiðum fram til þessa og færa má rök fyrir því að hér sé farið út fyrir þann ramma sem starfsaldursreglur heimila“ segir Örnólfur Jónsson, formaður FÍA.

Innanlandsflug hefur einnig þurft að kljást við verulegan samdrátt undanfarin misseri og hafa bæði Ernir og Air Iceland Connect þurft að grípa til uppsagna. Farþegum hefur fækkað um 6,4-19,6% eftir flugvöllum og munar þar helst um erlenda farþega sem hefur fækkað um 30-40%. Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis mun nú ræða hvort hægt sé að flýta innleiðingu „skosku leiðarinnar“, sem felur í sér að ríkið niðurgreiði flugfar-

gjöld til þeirra sem búa fjarri höfuðborgarsvæðinu. Samgönguráðherra hefur lýst því yfir að hann vonist til að hægt verði að taka skosku leiðina í notkun á næsta ári.

Frankvæmdastjóri Ernir, Hörður Guðmundsson, hefur sagt í fjölmiðlum að slík innspýting muni ekki duga til, og ef sú leið yrði farin þyrfti einnig að koma til frekari niðurgreiðsla af hálfu ríkisins. Árni Gunnarsson, framkvæmdastjóri Air Iceland Connect, sagðist gera ráð fyrir að innanlandsflug til Egilsstaða og Ísafjarðar dragist saman um 10-15% í vetur, í viðtali á Bylgjunni. Hann segir að hið opinbera verði að koma að rekstri innanlandsflugs og að ef ekkert verði að gert muni þjónustan skerðast verulega.

The aviation industry is experiencing a severe recession, and last week Icelandair announced it would have to resort to temporary measures due to the grounding of the B737-MAX airplanes. The measures are to reduce the job percentage to 50% for 111 pilots, and 30 captains will be demoted to pilot. The changes are temporary, from 1. Dec. to 1. April 2020. Already, the work of almost 100 pilots have been altered for the winter.

“FÍA and Icelandair have worked together to create opportunities to meet these great fluctuations in demand for crew services in new ways, but Icelandair’s announcement was very sud-

den, and the scope of the actions much greater than our plans assumed. Seasonal fluctuations have previously been met by other means, and we could argue that this is exceeding the frame authorized by the bylaws of the seniority list,” says FÍA president Örnólfur Jónsson.

Domestic flight is also experiencing a recession, and both Ernir and Air Iceland Connect have had to lay off people this year. Passenger reduction has been from 6.4 to 19.6%, depending on airports. The biggest factor has been a 30-40% reduction in foreign tourism. Althingi’s Environment and Communications Committee is now discussing if the planned “Scottish way”, of subsidizing tickets for people who live far from the capital area, can be expedited. The Minister of Transport hopes the Scottish way can be implemented next year.

The CEO of Ernir, Hörður Guðmundsson, has stated in the media that such an infusion would not suffice, and that the state would have to provide further subsidies. The CEO of Air Iceland Connect, Árni Gunnarsson, predicts that the flights to Egilsstaðir and Ísafjörður will decrease by 10-15% this winter. In a Bylgjan radio interview, he said that the government must get involved, and if nothing is done the services will be seriously curtailed.

LÍFIÐ Í GRASRÓTINNI FUNDUR UM FLUGÖRYGGI Í EINKAFLUGI

Félag íslenskra atvinnuflugmanna, Samgöngustofa og Flugmálafélag Íslands standa fyrir fundi um flugöryggi í einkaflugi.

Fundurinn verður haldinn í höfuðstöðvum FÍA, Hlíðasmára 8,
17. október kl 19:30.

Hallgrímur Jónsson og Kári Guðbjörnsson flytja erindi.

Ráðstefna ECA í Brussel í júní 2019

ECA Conference in Brussels, June 2019

Í júní síðastliðnum sóttu tveir fulltrúar FÍA ráðstefnu í Brussel á vegum ECA - Evrópusamtaka flugmanna. Ráðstefnan var vel sótt en á meðal gesta voru fulltrúar flestra aðildarfélaga ECA auk fulltrúa IFALPA. Farið var yfir allmörg mikilvæg mál og má þar nefna yfirvofandi endurskoðun á flug-, vakt- og hvíldartíma-reglugerðinni (FTL). Mikilvægt er að aðildarfélög ECA komi sér saman um hvað þau vilji leggja áherslu á áður en ECA fer að beita sér innan Evrópusambandsins og EASA. Einnig var samþykkt ályktun er varðar hámarksaldur flugmanna í atvinnuflugi en talsvert hefur verið rætt undanfarin misseri hvort hrófla eigi við hámarks- aldrinum. Ekki lítur út fyrir að það verði gert að sinni en bent er á umjöllun ECA frá 10. júlí 2019 sem finna má á heimasíðu samtakanna, eurocockpit.be.

Það sem líklega bar hæst á ráðstefnunni að þessu sinni var fundur með yfirflugstjóra og flugrekstrarstjóra flugvélaframleiðandans Boeing vegna kyrrsetningar B737-MAX. Farið var ítarlega yfir hönnun vélarinnar, vottunarferla sem og áhrif kyrrsetningarinnar á einstaka aðildarfélög. Eðli málsins samkvæmt hafa flugmenn gríðarlega sterka rödd í þessu ferli og gerir Boeing sér fulla grein fyrir að vélin fer ekki í loftið án samþykkis þeirra. Fundurinn með fulltrúum Boeing stóð yfir í góðan tíma þar sem margar gagnrýnar spurningar voru bornar upp og málin skeggrædd í þaula. Lögðu flugmenn mikla áherslu á gagnsæi í vottunarferlum, aukna þjálfun og frekari upplýsingar. FÍA er í góðum samskiptum við ECA og IFALPA vegna þessa og mun halda áfram að fylgjast náið með þróun mála.

In June, two representatives from FIA attended the ECA (European Cockpit Associations) Conference in Brussels. The Conference was well attended and among guests were representatives from most member associations within ECA, as well as representatives from IFALPA. A number of important issues were covered, such as the proposed review of the regulation on Flight Time Limitations (FTL). It is important for ECA members to agree on which matters to focus on before ECA starts its lobbying within the EU and EASA. The Conference also agreed on a joint conclusion regarding Pilot Age Limits which have been discussed at length in different working group meetings. Changes regarding maximum age for pilots in single and multi crew operations do not seem likely, but more can be read about the matter in a news article from 10 July on ECAs' website, eurocockpit.be.

During the Conference a meeting was held with Boeing's Chief Pilot and VP of Flight Operations in relation to the grounding of B737-MAX. Pilot opinions regarding the aircraft were discussed at great length as well as the airplane design in whole, lack of credibility, questions regarding the certification process as well as the affect the groundings have on ECA member associations. Pilots called for full transparency regarding certifications, increased training and more information in general. FIA will continue to follow the process closely.



Erna Á. Mathiesen, þáverandi lögfræðingur FÍA, John Horne, formaður ECA, og Sara Hlín Sigurðardóttir, formaður alþjóðanefndar FÍA, sóttu ráðstefnuna.

FRÉTTABRÉF FÍA

Ritstjórn og umbrot: Bryndis Nielsen, bryndis@fia.is
Forsíðumynd: Allyson Souza / Unsplash
Útgefandi: Félag íslenskra atvinnuflugmanna, september 2019

Fréttabréf FÍA er vettvangur félagsmanna og stjórnar FÍA til að miðla upplýsingum og fróðleik til flugmanna. Skoðanir einstakra greinarhöfunda endurspeglar ekki endilega opinbera afstöðu FÍA til einstakra málefna. Öll notkun efnis úr Fréttabréfi FÍA heimil gegn því að heimilda sé getið.

BAKSKÓLINN - FIMMTUDAGINN 5. SEPTEMBER



Fyrsta erindi starfsmenntasjóðs í vetur ber titilinn Baskólinn og er haldið fimmtudaginn 5. september í Grjótnesi milli kl. 12:00-14:00. Hildur Sólveig Sigurðardóttir, sjúkrabjálfi, heldur fyrirlestur um stoðkerfi líkamans og helstu áhættuþætti tengda starfinu með áherslu á mögulegar forvarnir. Fyrirlesturinn er haldinn í samvinnu við sjúkrasjóð FÍA og allir félagsmenn eru velkomnir!

// The first of FÍA's educational fund lectures this fall is titled The Back School, held on Thursday, Sept. 5th, from 12:00-14:00 in Hlíðasmári 8. Hildur Sólveig Sigurðardóttir, physiotherapist, will discuss the body's musculoskeletal system and risks related to pilots, with an emphasis on preventive measures. The lecture is held in Icelandic and is co-organized with the FÍA sickness fund. All members are welcome.

GEYMSLA FLUGVÉLA

MIKIL ÞEKING MYNDAST Á SKÖMMUM TÍMA

Fátt hefur skekið flugiðnaðinn jafn mikið og mál Boeing 737 MAX flugvélna á undanförunum misserum. Kyrrsetning vélanna hefur reynst flugfélögum þungbær, en það er ekki bara skortur á flugvélum og kyrrsetning áhafnar sem þarf að huga að heldur einnig geymsla flugvélna sjálfra og hvernig best er að haga henni. Við ræddum við Jens Þórðarson, framkvæmdastjóra flugrekstrarsviðs hjá Icelandair, og spurðumst fyrir um þau mál.

„Þessi kyrrsetning á sér ekkert fordæmi svo það eru mörg mál sem þarf að leysa upp á nýtt, bæði við og Boeing. Við erum að gera margt af þessu í fyrsta sinn, að geyma nýjar vélar langtímum saman,“ segir Jens.

„Við ákváðum snemma að geyma þær í virkri geymslu á meðan þær væru hér heima. Það þýðir að við setjum hlífur og annað á þær, setjum þær reglulega í gang og kveikjum á loftræstikerfum og ventlum og sjáum til þess að allir hlutir í vélinni séu hreyfðir. Þetta er í raun og veru töluvert umstang og við þurfum að hafa flugvirkja í þessu. Vélnar eru þannig búnar að vera á einhverri hreyfingu, mestan þann tíma sem þær eru í geymslu. Hinn valkosturinn hefði verið langtímageymsla sem hefði verið enn meira umstang, að taka út búnað og fleira, en við fórum fyrri leiðina til að hafa vélarnar sem reiðubúnastar.“

-Eru vélarnar geymdar inni flugskýlum eða úti við?

„Við erum með pláss í skýlinu fyrir nokkrar vélar, minnst tvær þar inni, en ekki allar vélarnar voru klárar þegar kyrrsetningin brast á. Þá vorum við enn að vinna í þessum breytingum og ílengdumst í því. Við höfum því verið að vinna í sumum eintökum í flugskýlum en vélarnar hafa að öðru jöfnu staðið úti. Við höfum sett hlífur yfir hreyfla og skynjara, en það að skilja

flugvélar eftir berskjaldaðar fyrir náttúruöflunum er ekki eitthvað sem maður getur sætt sig við á Íslandi til langs tíma. Það er kannski í lagi á sumrin, en bæði rok og selta geta valdið tæringaskemmdum ef ekki er að gáð. Við höfum passað mikið upp á að það sé ekki að gerast og höfum þrifið vélarnar reglulega til að koma í veg fyrir slíkt. Við höfum verið mjög heppin með veðrið í sumar en þegar fer að koma að hausti fer þetta að vera stærra spursmál,“ segir Jens og bætir við að verið sé að skoða að flytja vélarnar til Suður-Evrópu á næstu dögum eða vikum til að tryggja að haustlægdur berji ekki á þeim.

-Er hlauðið að því að flytja kyrrsettar vélar milli landa?

„Síður en svo. Við þurfum leyfi til að flytja vélarnar, það er ekki hægt að stökkva bara upp í og fljúga vélum sem eru ekki alla jafna með flugheimildir, hvort sem það er út af tæknilegu ástandi eða kyrrsetningu. Til þess þarf sérstaka heimild frá flugmálayfirvöldum og það í öllum löndum sem flogið er yfir. Sum lönd leggja blátt bann við því og það er ekki hægt að fljúga yfir þau, en önnur leyfa slíkt svo framarlega sem ákveðnum skilyrðum er fullnægt. EASA gefur heimild og þá er lagt upp með að það sé háð ákveðnum skilyrðum. Í tilfelli Boeing 737 MAX vélanna þurfum við að fljúga með flapsana niðri alla leiðina, því það kemur í veg fyrir að ákveðið kerfi, sem virðist hafa átt þátt í þessum slysum, verði virkt. Það er dæmi um eitt af þessum skilyrðum.“

„Við höfum öll lært mikið með hverju skrefinu sem er tekið, og mikil þekking hefur byggst upp á stuttum tíma í geymslutækni og öðru sem mun eflaust nýtast flugiðnaðinum í framtíðinni, þó vonandi við aðrar aðstæður en þessar,“ segir Jens að lokum.



Viðtal við Jens Þórðarson, framkvæmdastjóra flugrekstrarsviðs hjá Icelandair.

„Við höfum öll lært mikið með hverju skrefinu sem er tekið, og mikil þekking hefur byggst upp á stuttum tíma í geymslutækni og öðru sem mun eflaust nýtast flugiðnaðinum í framtíðinni, þó vonandi við aðrar aðstæður en þessar“

STORING AIRPLANES

GREAT DEAL OF KNOWLEDGE ACQUIRED
IN A SHORT AMOUNT OF TIME

Few things have affected the aviation industry as much as the current grounding of the Boeing 737-MAX airplanes. The grounding has proven difficult for airlines, pilots and crew alike, but also the storage of the planes is not an easy task. FÍA spoke with Jens Þórðarson, Chief Operating Officer of Icelandair, about this issue:

"The grounding is unprecedented, so there are many matters we need to find new solutions for, both us and Boeing. We are doing much of this for the first time, storing new airplanes for long periods of time," says Jens.

"We decided early to keep them in active storage while they are stationed here at home. This means we put covers and other things on them, start them up regularly and activate the ventilation systems etc., making sure all parts of the plane are moved. It is, in fact, quite a lot of work and we need to have a mechanic working on this. The planes should be in some activation for most of the time they are kept in storage. The other option would be long-term storage which entails even more work, removing machinery and other things, but we chose the other option to make sure that the planes are as ready as possible."

-Are the planes kept in hangars or outside?

"We have room in the hangar for a few planes, at least two are inside, but not all of the planes were ready when the grounding was set in place. We were still working on them, and this was prolonged somewhat. We have been working on some planes in the hangars, but in general they have been stored outside. We have put covers over engines and sensors, but leaving airplanes to face the elements in Iceland is not a long-term solution. It might be okay in the summer, but both wind and salt can cause

damages. We have been very careful in not letting this happen and have cleaned them regularly as a preventive measure. We have been very lucky with the weather this summer, but as fall arrives this becomes a bigger issue," says Jens, adding that they are now looking at transporting the engines to southern Europe soon.

-Is that a difficult task?

"Quite so. We need authorisation to transport the planes, you can't just jump in the pilot's seat and fly an airplane that doesn't have authorisation to fly, whether due to technical issues or because it is grounded. We need a special authorisation from aviation authorities in every country we fly across. Some have vetoed it, while others have agreed to authorize this assuming strict conditions are met. EASA issues and authorisation, with certain condition. In the case of the Boeing 737 Max, we need to fly with the flaps down the whole way, as this prevents the activation of a certain system that appears to have been a part of the plains crashes. That is one of the conditions.

"We have learned quite a lot, with every step we take. We have acquired a great deal of knowledge, in a very short time, regarding storage technique and other issues that will undoubtedly be of use in the flight industry in the future, although hopefully under different circumstances than these."

Interview with Jens Þórðarson, COO of Icelandair.

"We have learned so much with every step we take. We have acquired a great deal of knowledge in a very short time regarding storage technique and other issues that will undoubtedly be of use to the flight industry in the future, although hopefully under different circumstances."

STARFSMENNTASJÓÐUR // EDUCATION & TRAINING FUND

Starfsreglur // Rules of Procedure

Í samræmi við lög og reglur Starfsmenntasjóðs FÍA, grein 4.3, hefur stjórn sjóðsins sett sér starfsreglur við úthlutun styrkja. Starfsreglur þessar skulu nýttast sem leiðbeiningar við úthlutun styrkja enda eru þær til þess fallnar að auka gagnsæji fyrir félagsmenn sem hyggjast nýta sér sjóðsréttindi sín. Komi upp tilfelli þar sem starfsreglur þessar samræmast ekki lögum og reglum SFÍA ganga lög og reglur sjóðsins framur starfsreglum þessum. Félagsmaður getur ávallt skotið ákvörðun starfsmenntasjóðs til stjórnar FÍA sem hefur endanlegt úrskurðarvald varðandi styrkjaúthlutun.

Styrkir til félagsmanna skiptast í tvennt, annars vegar styrkir til starfsmennta og hins vegar styrkir til tómstunda. Styrkir til starfsmennta eru að hámarki 500.000 krónur eða allt að 50% af heildarnámskostnaði en styrkir til tómstunda eru að hámarki 35.000 krónur eða allt 50% af kostnaði. Hámarksstyrkveitingar taka til síðustu 36 mánaða og eru greiddir í hlutfalli við vinnuhlutfall umsækjanda.

Styrkir úr Starfsmenntasjóði taka ekki til náms sem telst hluti af starfi flugmanns, til að mynda tegundaáritanir og skyldunámskeið sem tilgreind eru í þjálfunarhandbókum flugfélaga. Styrkir til starfsmennta ná til náms er veitir starfsréttindi eða starfsleyfi. Starfsnám telst nám sem lýkur með útgáfu prófskírteinis, vottorði eða öðrum opinberum vitnisburði sem staðfestir að faglegu námi hafi verið lokið á fullnægjandi hátt. Styrkur til starfsnáms er veittur bæði til bóklegs og verklegs hluta er námið nær til.

Til tómstundastyrkja teljast öll námskeið, nám og fyrirlestrar sem ekki falla undir skilgreiningu starfsnáms að ofan en eru til þess fallin að auka hæfni og færni félagsmanna þó þeim fylgi ekki aukin réttindi í starfi. Vert er að taka fram að hvers konar íþróttaiðkun telst ekki styrkhæf. Erfitt er að finna slíkum styrkjum stað innan SFÍA og ljóst að auka þyrfti framlög til sjóðsins umtalsvert ætti hann að geta staðið undir slíkum skuldbindingum.

Fyrirlestrar á vegum SFÍA eru ekki háðir ofangreindum skilyrðum. Þeir geta tekið til faglegra mála, tómstunda eða eingöngu til skemmtunar fyrir félagsmenn. Leitast skal við að fyrirlesarar séu fagaðilar og að fyrirlestrar séu opnir öllum félagsmönnum. Félagsmenn eru hvattir til að senda inn ábendingar um fyrirlestra og verða allar ábendingar teknar fyrir af stjórn SFÍA.

In accordance with the bylaws and regulations of the FIA Education & Training Fund (ETF), article 4.3, the board of the fund has established Rules of Procedure for distributing grants. These rules shall be a guideline when handing out grants, and should increase clarity for members who wish to utilize their rights as fund members. If a matter should arise where the Rules of Procedures are not in line with the bylaws of the ETF, the bylaws should prevail. A fund member can always appeal decisions of the ETF to the board of FÍA, which has the final deciding vote regarding giving out grants.

Grants can be divided in two: Work related grants, and grants for recreational activities. Work related grants can amount to max. 500.000 ISK, or up to 50% of the total cost. Grants for recreational activities can amount to max. 35.000 ISK, or up to 50% of the total cost. The maximum amount covers the period of the last 36 months, paid in proportion to the employment percentage of the applicant.

Grants from the ETF are not for courses or training that are a part of the pilots work, for example type rating or mandatory courses as described in the airlines's training manuals.

Grants for vocational training can cover education or training that give further qualifications or authorisations. Vocational training (is. starfsnám) is considered to be a course that ends with a diploma, certificate or other official testimony that confirms that the training has been completed. Such a grant is given for both the academic side and the practical aspect of the training.

A grant for recreational activities covers all courses, education or lectures that do not fall under the vocational training described above, but are expected to improve the qualifications and skills of members, even if they don't come with added work qualifications. It should be noted that sports or athletic activities do not fall under this purview. It is difficult to carve a niche for such activities under the ETF, and its contributions would need to increase significantly to cover such cost.

ETF lectures are not subject to the specifications here above, they can cover professional matters, hobbies, or be just for entertainment purposes. In general, the lectures should be given by professionals and open for all members. Members are encouraged to send suggestions regarding lecture topics, all suggestions will be reviewed and discussed by the ETF board.

Styrkir til starfsmennta eru að hámarki 500.000 kr. eða allt að 50% af heildarnámskostnaði.

Work related grants can amount to max. 500.000 ISK, or up to 50% of the total cost.

Spurningar eða ábendingar? Sendu póst! // Any questions or comments? Send a line!
starfsmenntasjodur@fia.is

STARFSMENNTASJÓÐUR EDUCATION & TRAINING FUND

DAGSKRÁIN Í HAUST FALL SCHEDULE

Starfsmenntasjóður FÍA býður upp á fjölda spennandi fyrirlestra í haust, sem spanna allt frá heilsu yfir í veðurfræði. Fyrirlestrarnir eru haldnir í sal FÍA, Grjótnesi, milli kl. 12:00-14:00 og eru allir félagsmenn velkomnir.

Fimmtudagur, 5. september

Bakskólinn

Hildur Sólveig Sigurðardóttir sjúkrapjálfari heldur fyrirlestur um stoðkerfi líkamans og helstu áhættuþætti tengda starfinu með áherslu á mögulegar forvarnir. Fyrirlesturinn er haldinn í samvinnu við **sjúkrasjóð FÍA**.

Mánudagur, 30. september

Kanntu að nota Ipad?

Fyrirlesari á vegum Iðunnar fræðsluseturs kemur og heldur erindi um notkun og notkunargildi Ipad spjaldtölvunnar.

31. október - 1. nóvember - 8:30-16:30

Dale Carnegie námskeið

Tveggja daga námskeið á mjög hagstæðu verði. Sjá nánar á næstu síðu...

Þriðjudagur, 15. október

Ferðamennska á fjöllum

Guðmundur Helgi Öndarson frá Björgunarskóla Landsbjargar heldur fyrirlestur um ferðamennsku á fjöllum með áherslu á veiði og sport.

Þriðjudagur, 26. nóvember

Heilsa á ferð og flugi

Margrét og Elísa Viðarsdætur halda fyrirlestur um geðheilbrigði og næringu á ferðalagi. Systurnar munu sameina krafta sína og sérþekkkfræði-þekkingu í fyrirlestri sem tekur á geðheilbrigði og næringu og hvernig megi tengja þessa þætti saman til að hámarka árangur í vinnunni eða almennt fá það besta út úr sjálfum sér. Fyrirlesturinn er haldinn í samvinnu við **sjúkrasjóð FÍA**.

Þriðjudagur, 10. desember

Blessuð blíðan

Einar Sveinbjörnsson heldur fyrirlestur um framfarir í veðurfræði, úrvinnslu og framsetningu gagna ásamt því að fara um víðan völl með tilliti til okkar starfs.

FÍA's Educational Fund offers a variety of interesting lectures this fall, held in Icelandic. The lectures will be held at Grjótnes, the FÍA hall in Hlíðarsmári 8, between 12:00-14:00. All FÍA members are welcome!

Thursday, 5 September

The Back School

Hildur Sólveig Sigurðardóttir, physiotherapist, will inform FÍA members about the bodies musculo-skeletal system and risks related to pilots, with an emphasis on preventive measures. The lecture is held in collaboration with the **FÍA Sickness Fund**.

Monday, 30 September

Ipad 101

An educator from Iðan Education Center will teach us all about how to use an Ipad and what it can be used for.

31. Oct. - 1. Nov. - 8:30-16:30

Dale Carnegie course

A two day course for only a fraction of the price! See more on the next page...

Tuesday, 15 October

Mountain travelling

Guðmundur Helgi Öndarson from the Landsbjörg (Icelandic Association for Search and Rescue) safety school tells us about mountain travelling, with an emphasis on hunting and sport.

Tuesday, 26 November

Flying Healthy

Sisters Margrét and Elísa Viðarsdóttir will combine their expertise in a lecture that journeys from mental health to nutrition, and how taking care of these elements can increase productivity or simply improve your life. The lecture is held in collaboration with the **FÍA Sickness Fund**.

Tuesday, 10 December

How's the weather?

Meteorologist Einar Sveinbjörnsson will discuss advances in meteorology, data processing and presentation as well as going over various aspects that are related to our occupation.



Dale Carnegie fyrir félagsmenn FÍA

FÍA og Dale Carnegie eiga að baki nokkra ára samstarf á sviði sámenntunar. Nú býður Dale Carnegie félagsmönnum FÍA upp á 2ja daga Dale Carnegie námskeið. Sérniðin útgáfa af hinu klassíska námskeiði sem Dale Carnegie hefur þróað í yfir 100 ár.

Markmiðin eru; samskipti, markniðasetning, tjáning, jafnvægi vinnu og einkalífs, sambönd og leiðtogaþæfni. Þú lærir að takast á við illblonar áskoranir, ná fram samvinnu, tjá sig á skýran og áhrifanlegan hátt, setja streitu í samhengi og koma fyrir á fagmannlegan hátt.

Félagsmönnum býðst ókeypis kynningartími – sjá dale.is

Hvenær: 2ja daga Dale Carnegie námskeið verður fimmtudaginn 31. Okt. & föstudaginn 1. Nov. frá kl. 8.30 til 16.30.

Hvar: Húsnæði Dale Carnegie, Ármúla 11, 3. hæð

Fyrir hverja: Félagsmenn FÍA

Verð: Fullt verð er 159.000 kr en hlufur félagsmanna FÍA er 14.000 kr. Ath. Innifalið eru öll námskeiðsgögn og hádegjamatur. Skráning á <https://digital.dalecarnegie.com/is/einstaklingar> eða í síma 555 7080

ENGLISH...

Dale Carnegie for FÍA members

FÍA and Dale Carnegie have collaborated for several years, and this fall Dale Carnegie is offering FÍA members to participate in a two day course, a tailored version of the classic course Dale Carnegie has honed over the past 100 years. The course is held in Icelandic.

The goals are: Communications, setting goals, expressing oneself, balance of work and private life, relationship and leadership skills. You will learn to meet with challenges, to encourage collaboration, to express yourself in a clear and effective manner, put stress into context and how to present yourself in a professional manner.

FÍA members are offered a free introduction class - see dale.is

When: 2 day Dale Carnegie course on Thursday, 31. Oct. & Friday 1. Nov., from 08:30-16:30.

Where: Dale Carnegie facilities, Ármúli 11, 3d floor.

For who: FÍA members

Price: Full price is 159.000 ISK, but FÍA members only have to pay 14.000 ISK of that amount. Included is the course material and lunch. Registration at <https://digital.dalecarnegie.com/is/einstaklingar> or via telephone 555 7080.